



Borgarráð

Erindisbréf - Hússtjórn Ráðhúss Reykjavíkur

Hjálagt erindisbréf hússtjórnar Ráðhúss Reykjavíkur er lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf Hússtjórnar Ráðhúss Reykjavíkur, dags. 4. október 2023



ERINDISBRÉF

Hússtjórn Ráðhúss Reykjavíkur

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóri.

Inngangur:

Í Ráðhúsi Reykjavíkur fara fram fundir borgarstjórnar, borgarráðs og ýmissa annarra ráða og nefnda í starfsemi miðlægrar stjórnarsýslu, þ.e. skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skrifstofu borgarstjórnar, borgarlögmanns, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og mannauðs- og starfsumhverfissviðs. Rekstrarþjónusta þjónustu- og nýsköpunarsviðs sér um rekstur stjórnarsýsluhúsa borgarinnar, þ. á m. Ráðhús og ber ábyrgð á húsvörslu þess. Tjarnarsalur Ráðhúss er salur Reykvíkinga og gesta borgarinnar, jafnt innlendra sem erlendra. Salurinn er hluti af opnu rými Ráðhússins sem ætlað er almenningi og er leigður út fyrir ýmsa viðburði svo sem tónleika, listsýningar, ráðstefnur, smærri fundi, kynningar, móttökur og margt fleira.

Helstu verkefni:

- Eftirlit og samræming með almennri starfsemi Ráðhúss og Tjarnargötu 12.
- Upplýsingagjöf og samræming þegar kemur að starfsumhverfi og vinnuaðstöðu starfsfólks.
- Óskar eftir upplýsingum um fyrirséð viðhald í Ráðhúsi og Tjarnargötu 12.
- Kemur með athugasemdir/tillögur varðandi stærri verkefni og forgangsröðun þeirra sem og tillögur að viðhaldsverkefnum sem ekki kann að hafa verið gert ráð fyrir í viðhaldsáætlun.
- Innra skipulag á skrifstofurými Ráðhúss og Tjarnargötu 12.
- Fær upplýsingar um samræmingu öryggismála þegar kemur að starfsemi í Ráðhúsi og Tjarnargötu 12 og veitir umsögn þegar það á við.

Önnur atriði:

- Viðburðastjórn Ráðhúss Reykjavíkur afgreiðir beiðnir um afnot af Tjarnarsalnum og öðrum húsakosti Ráðhúss og jafnframt beiðnir um ýmis erindi er varða húsakost Ráðhússins t.a.m. vegna flöggunar, lýsingar og merkinga, og fleira í samræmi við útgefið erindisbréf og reglur um afnot og útleigu á Tjarnarsalnum.
- Fundargerðir viðburðastjórnar skulu sendar hússtjórn.
- Miðað er við að funda eftir þörfum eða að lágmarki þrisvar á ári.
- Fundargerðir eru birtar á Workplace.

Hússtjórnina skipa:

Borgarritari, formaður

Borgarlögmaður

Skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjórnar

Teymisstjóri þjónustu- og stjórnarsýsluteymis



Reykjavíkurborg

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar
Sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs
Deildarstjóri rekstrarþjónustu þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:

Öryggisstjóri Reykjavíkurborgar
Formaður viðburðastjórnar

Starfstímabil:

Hússtjórnin starfi til ársloka 2024.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf - Viðburðastjórn Ráðhúss Reykjavíkur